

Styrkir, afslættir og skilgreiningar með gjaldskrá 2024

Frístundastyrkur: Börn og unglingar, 0-18 ára, með lögheimil í Suðurnesjabæ eiga rétt á frístundastyrk að upphæð kr.46.500 þar sem eldri aldursmörk miðast við fæðingarár.

Heimgreiðslur: Heimgreiðslur eru kr. 100.000 fyrir hvern mánuð. Fyrsta greiðsla er að loknum réttindum til fæðingarorlofs, eða frá þeim tíma sem sótt er um heimgreiðslur. Síðasta greiðsla er greidd þann mánuð sem barn verður tveggja ára, eða þar til barni er boðin innganga í leikskóla eða hefur hafið vistun hjá dagforeldri. Heimgreiðslur eru ekki greiddar eftir að barni hefur verið boðin innganga í leikskóla eða hefur hafið vistun hjá dagforeldri.

Dagvistun hjá dagforeldri: Að 18 mánaðar aldri eru kr.80.000 niðurgreiðsla á mánuði miðað við átta tíma vistun. Hlutfallsleg niðurgreiðsla fyrir skemmri vistun og kr. 96.000 fyrir *afsláttarþega m.v. fulla vistun. Frá 18 mánaðar aldri er kr.112.000 niðurgreiðsla á mánuði m.v. átta tíma vistun.

			Afsláttarþegar*
8	stundir	80.000	96.000
7	stundir	70.000	84.000
6	stundir	60.000	72.000
5	stundir	50.000	60.000
4	stundir	40.000	48.000

Skólamatúr: Suðurnesjabær greiðir máltíðir nemenda niður um 60% á móti foreldrum. Gjaldfrjálst er fyrir börn umfram 2.

Ferðastyrkir vegna framhaldsmenntunar: Nemar sem eiga lögheimili í Suðurnesjabæ og stunda framhaldsnám eiga rétt á ferðastyrk kr.30.000 fyrir hverja námsönn, miðað við fullt nám. Skilyrði fyrir styrknum er að stundað sé lánshæft nám í dag- eða fjarnámi og ekki sé kostur að stunda námið á Suðurnesjum. Sækja skal um styrk fyrir haustönn eigi síðar en síðasta virka dag desembermánaðar og vorönn fyrir síðasta virka dag maímánaðar. Skilyrði fyrir greiðslu er að námsmaður sýni fram á að námsframvindu, þ.e. unnar einingar á önn.

Fasteignaskattur: Einstaklingar 67 ára og eldri fá afslátt af fasteignaskatti frá og með næstu áramótum sem þeim aldri er náð.

Afsláttarþegar

Námsmaður: Er sá sem er í fullu námi eins og það er skilgreint í kennsluskrá viðkomandi skóla. Framvísa þarf staðfestingu um námsvist eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftir á.

Öryrki er sá sem er á aldrinum 18-67 ára og hefur fengið samþykkt örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins. Framvísa þarf skírteini TR.

Ellilífeyrisþegi: Sá sem uppfyllir skilyrði um lífeyristöku og fær greiddar lífeyrisgreiðslur.

Einstætt foreldri: Er foreldri sem býr eitt með barni/börnum sínum og er ekki í hjúskap. Skila þarf inn staðfestingu um hjúskaparstöðu og búsetuvottorði.

